

Ársskýrsla árnefndar Gufudalsár fyrir veiðisumarið 2019

Árnefnd Gufudalsár fór tvær ferðir vestur sumarið 2019. Sett voru upp skilti og var húsið og áin gerð klár fyrir veiðisumarið. Fyrri ferðin var í júlí og sú síðari fyrir miðjan september.

Mikil vinna hefur verið lögð í húsið. Bæði hafa landeigendur lagt í mikla vinnu að innan þar sem skipt hefur verið um innréttingu í eldhúsi, baðherbergi. Ný rúm hafa verið sett inn og ný tæki í eldhús. Húsið er orðið mjög vistlegt og þægilegt. Þá er komin ágæt reynsla á heita pottinn. Einnig er búið að bera efni í veginn upp með ánni, upp að fossum. Og lagður hefur verið ljósleiðari í húsið.

Árnefndin hefur borið á allt húsið og málað glugga og þakkant. Húsið hefur því tekið stakkaskiptum á árinu, en vinna að utan byrjaði þó sumarið 2017. Veður hefur verið hagstætt fyrir viðgerðir á húsinu.



Veiðin

Sumarið 2019 veiddust um 500 bleikjur og 5 laxar. Þetta var nokkuð minna magn en 2018 þegar veiddust um 510 bleikjur en það ár komu 9 laxar á land.

	Bleikja	Lax	Urriði
Júlí	181	2	1
ágúst	231		4
Sept	37	3	1
Samtals	449	5	6

Veiðin síðustu ár er nokkuð mismunandi, en hefur þó verið á bilinu 500 til 700 bleikjur þó aflinn hafi verið bæði fyrir ofan og neðan það bil.

Örfáir urriðar hafa komið á land á árinu, eins og oft hefur gerst.

Veði síðustu ára:


Veðin hefur verið nokkuð mismunandi frá 2005 til 2019. Á þessu tímabili hafa um 9.500 bleikjur komið á land og um 270 laxar.

Ár	Silungur	Lax
2005	907	19
2006	1023	14
2007	747	10
2008	726	12
2009	637	38
2010	513	46
2011	407	20
2012	528	19
2013	650	31
2014	648	19
2015	608	-
2016	647	9
2017	441	18
2018	511	9
2019	449	5

Heimildir: Árnefnd Gufudalsár, Vegagerðin¹ (2005 til 2014) og Hafrannsóknastofnun (2017²) og veiðimálastofnun³ (2015)

Það er eins og komi tveir toppar í veiðina á tímabilinu. Fyrst um 2006 og síðan kemur lægri toppur frá 2013 til 2016.

Svo virðist sem það sé ekki sama þróun í laxveiðinni. Árin 2009 og 2010 eru í toppi á meðan smá toppur kemur 2013. Veiðin virðist hafa verið niður á við frá 2013.



¹ [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/60_25-28_Mau_frummatsskyrsla/\\$file/60_25-28_M%C3%A1u_2016.10.18_Frummatssk%C3%BDrsla_endanleg_prentun_net.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/60_25-28_Mau_frummatsskyrsla/$file/60_25-28_M%C3%A1u_2016.10.18_Frummatssk%C3%BDrsla_endanleg_prentun_net.pdf)

² <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2018-35pdf>

³ https://www.hafogvatn.is/static/research/files/skra_0075486pdf

Mest veiðin er á flugu eða um 280 fiskar á meðan um 160 bleikjur komu á maðk. Annað agn, mest spónn er notaður á 26 fiska.

Veiði á bleikju sumarið 2019 eftir tímabilum, tegund og agni

	Fluga	Maðkur	Annað
Júlí	96	78	11
ágúst	141	80	14
September	39	1	1
Samtals	276	159	26

Árnefndin tók saman töflu sem sýnir veiði á bleikju, laxi og urriða. Þetta árið er eina mesta veiðin fyrir neðan brú en fossarnir koma ekki eins sterkt inn og áður. Athygli vekur að veiði á bleikju í september er fremur lítil eða tæplega 40 fiskar, en veiði var hætt 9. september.


Veiði sumarið 2019 eftir mánuðum, tegund og veiðistað.

	Júlí			Ágúst			September			Samtals 2019		
	Lax	Bleikja	Urriði	Lax	Bleikja	Urriði	Lax	Bleikja	Urriði	Samtals lax	Samtals bleikja	Samtals urriði
Brekkvós	1	9			73					1	82	
Miðvós		50			31	1					81	1
Affall		24			31	2					55	2
Spégill		20			22						42	
Neðri foss		19			16			8			43	
Stífla	1	24			1					1	25	
Skipaoddi					1		1	22	1	1	23	1
Stokkaklettur		14	1		9	1	2			2	23	2
Uxamýri					11			5			16	
Rennan		10			1						11	
Sýkishylur					11						11	
Ármót		3			3			2			8	
Fremri foss		2			6						8	
Aðrir veiðistaðir		6			15						21	
Samtals	2	181	1		231	4	3	37	1	5	449	6

Samkvæmt veiðibók var það flugan Blóðormur sem aflaði mest sumarið 2019. Þar á eftir komu Bleik og blá og heimasætan.


Fluguveiði eftir tegund flugu⁴

	Júlí	ágúst	September	
Blóðormur	25	12		37
Ólæsilegt	4	21	1	26
Bleik og blá	16	6	1	23
Heimasætan		23		23
Krókur	6	7	6	19
Púpa	9	5		14
Lind		13		13
Black butcher	5		5	10
Kúluhaus		7		7
Teal and Black		7		7
Teal and Blue		7		7
Alma Rún	6			6
Aðrar gerðir	17	18	7	42
Samtals	88	126	20	234



⁴ Skráning á flugutegund er almennt góð en oft reyndist ómögulegt að sjá út úr skrift veiðimannsins hvaða flugu var beitt.


Veiddar bleikjur eftir dögum er áhugavert að sjá en veiðin er mjög mismunandi og veiðast mest rúmlega 30 fiskar þegar mest er en suma daga veiddist minna. Meðfylgjandi mynd sýnir skráða veiði á bleikju eftir dögum. Það kann að vera áhugavert að vita hvers vegna engin veiði er skráð milli 3 og 6. ágúst og á milli 12. og 16. ágúst. Einnig er lítil veiði skrá fyrstu dagana í september.



Árnefnd hefur mikinn áhuga á að skoða hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á veiðina. Við gerðum smá tilraun til að skoða áhrif veðurs á veiðina eftir dögum. Ekki var hægt að ná í gögn frá Gufudal þannig að við tókum þann stað sem næst var. Þetta er ekki vísindaleg tilraun heldur einungis gert til að sjá hvort einhver merki væru sjáanleg um áhrif veðurs á veiðina.

Skóðað var sólskyn á klukkustund, úrkoma í millimetrum og meðalvindur dagsins í metrum á sekúndu.

Á meðfylgjandi grafi er veiðin eftir dögum skráð með gulri línu, sólskyn með rauðum lit, úrkoma með bláum og vindur með gráum. Það má vísast gera einhverjar frekari athuganir út frá veðri en að okkar mati var ekki hægt að sjá nein klár merki um áhrif veðurs. Veiðimenn hafa talað um að betur veiðist í sól og vindi en þess sjást ekki klár merki hér. Líklega má telja að veiði fari meira eftir þekkingu veiðimanna á ánni og stöðu hafsins við ósinn.



Skráning í veiðibók er svolítt áhygguefni þar sem hún er ekki nægilega vönduð. Erfitt er að lesa hvar menn veiddu og á hvað. Það kemur ekki oft fyrir að menn skrá bæði lengd og þyngd þannig að mat okkar á þessum mælingum er byggt á „þeim sem svöruðu“ ekki þeim sem voru veiddir.

Þá hefur árnefnd nokkrar áhyggjur af því að veiði hafi ekki verið skráð í veiðibók þegar hún var orðin full. Spurning hvort dræm veiði í september sé vegna plássleysis í veiðibók. Lagt er til að hafa tvær veiðibækur á staðnum í framtíðinni.

Árnefnd þakkar samstarfið við landeigendur og starfsmenn SVFR og hlakkar til að takast á við veiðisumarið 2020.

Í árnefnd eru:

Þorvaldur Finnbjörnsson

Guðmundur Hallgrímsson

Hallgrímur Guðmundsson

Sigurbergur Theódórsson